



Fundargerð

**Stjórn VJP - 116. fundur stjórnar VJP haldinn Náttúrufræðistofnun,
28. febrúar 2018, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ármann Höskuldsson formaður, Guðrún Áslaug Jónsdóttir varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Sigmundur Einarsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaganna, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Vilhjálmur Árnason varamaður og Halldór Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Björn Ingi Jónsson, aðalmaður.

2. Svæðisráð suðursvæðis - 57 - 1802001F

Björn Ingi fór yfir fundargerð svæðisráðs. upplýsti um umræðu um vinnu við breytingu á gildandi deiliskipulagi við Jökulsárlón. Einnig umræðu um rekstraráætlun fyrir svæðið og erfitt verður að bregðast við þeim kröfum sem gerðar eru um niðurskurð. Þá ræddi hann um umsóknir um starfsleyfi inn í þjóðgarðinum. Mikilvægt væri að verkferlar vegna þessarar umsókna yrðu gerðir skýrir og þeir sem sækja um fengju viðbrögð frá þjóðgarðinum.

1. Fundargerðir svæðisráða - 1711005

Ásta Begga fór yfir fundargerð svæðisráðs á Vestursvæði. Fór yfir umfjöllun um rekstraráætlun, svæðisráð er þeirrar skoðunar að en sé talsverð óvissa í þeim fjármunum sem verða til rekstrar á árinu 2018. Einnig rætt um rekstur í Nýjadal. Svæðisráð fór yfir framkvæmdir við nýja gestastofu á Kirkjubæjarklaustri og fjármuni til þess.

Óli Halldórsson fór yfir fundargerð svæðisráðs á Norðursvæði. Upplýsti um umfjöllun svæðisráðsins um rekstraráætlun að svæðisráð telur vera nokkuð óljóst með þá fjármuni sem verða til rekstrar og landvörslu. Einnig ræddi svæðisráð um framkvæmdir og mikilvægi þess að halda þurfi áfram með þau verkefni sem staðið hafi til að vinna.

3. Þverá - 1802008

Samningar og framtíðarskipulag

Ásta Begga ræddi um forsögu þess að Vatnajökulsþjóðgarður leigði jörðina Þverá.

Gagnrýndi ákvörðun um leigu og þá upphæð sem greidd er fyrir jörðina.

Framkvæmdarstjóri og formaður fóru yfir málið. Stjórn samþykkti á fundi 21.3.2017 að ganga frá samningi á grunni framlagðra gagna. Stjórn óskar eftir að starfsmenn safni saman þeim gögnum sem til eru um málið og afgreiðslu þess fyrir næsta fund stjórnar. Umræðu um málið frestað til næsta fundar stjórnar.

4. Ráðning þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - 1709010

Þjóðgarðsvörður á Suðursvæði hefur sagt starfi sínu lausu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni svæðisráðs á Suðursvæði að fá Capacent til samstarfs um auglýsingu á starfinu og ráðningarferlið.

5. 10 ára afmæli Vatnajökulsþjóðgarðs - 1802009

Hugmyndir um gerð afmælisrits og viðburði vegna afmælis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Formaður ræddi um Vatnajökulsþjóðgarður er 10 ára á þessu ári. Það hefur ekki verið gefin út árskýrsla garðsins frá stofnun hans. Búið er að ræða við Vini Vatnajökuls um styrk til verksins og einnig eru einhverjir fleiri möguleikar til að afla fjármuna til verksins. Formaður leggur til að Snorri Baldursson verði fengin til að vinna að gerð afmælisrits og jafnframt verið unnið að fjármögnun verksins. Framkvæmdastjóri upplýsti að þrátt fyrir niðurskurð er rekstrarútkoma fyrstu mánuði ársins að fara framúr áætlunum. Stjórnarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að gefa út afmælisrit Vatnajökulsþjóðgarðsins. Afgreiðslu málsins frestað til fundar stjórnar í maí.

6. Skógarvarðarhús í Ásbyrgi - framtíðarnýting - 1711008

Svæðisráð Norðursvæðis ítrekar beiðni til stjórnar um að skýra umráð eigna og lands til frambúðar í Ásbyrgi. Ennfremur er óskað eftir afstöðu stjórnar til þeirrar hugmynda að Vinir Vatnajökuls komi að verkefni að setja upp sýningu og kaffihús í Skógarvarðarhúsinu í Ásbyrgi.

Óli Halldórsson fór yfir stöðu mála í Ásbyrgi. Stór hluti mannvirkjabeltis í Ásbyrgi er utan þjóðgarðsins og til heyrir Skógrækt ríkisins. Óli taldi mikilvægt að skýra þessi mál og eðlilegt að þetta svæði yrði hluti af þjóðgarðinum. Framkvæmdastjóri upplýsti um hans aðkomu að málinu og ágreining milli Skógræktarinnar og þjóðgarðsins en nú er verið að ræða málin og útlit væri fyrir að lausn væri í sjónmáli. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna drög að samningi og öll gögn vegna málsins verið tekin fyrir á næsta fundi stjórnar.

7. Bótakrafa: Ice Lagoon ehf - 1802011

Erindi Lögmanna Laugardal fyrir hönd Ice Lagoon ehf til Stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs dagsett 5. febrúar 2018. Gerð er krafa um bætur frá Vatnajökulsþjóðgarði vegna skaða sem félagið telur þjóðgarðinn hafa valdið félaginu.

Gestir

Víðir Smári Petersen hrl Lex Lögmenn - 14:40

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 14:40

Víðir Smári fór yfir bakgrunn sinn hjá Lex og fór síðan yfir innihald erindisins og hugmyndir að svari.

Stjórn felur lögmönnum að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

8. Kæra: Ice Lagoon ehf til Samkeppniseftirlitsins - 1802012

Fyrir fundinum er erindi Lögmanna Laugardal fyrir hönd Ice Lagoon ehf til Samkeppniseftirlitsins dagsett 14. febrúar 2018.

Gestir

Víðir Smári Petersen hrl Lex Lögmenn - 15:05

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 15:05

Víðir Smári fór yfir erindið og taldi ekki ástæða til að svara þessu sérstaklega nema ef fram kæmi beiðni frá Samkeppniseftirlitinu um frekari upplýsingar.

9. Skaftafell - gjaldtaka á bílastæðum - 1709014

Staða samninga vegna bílastæðamála innan þjóðgarðs

Gestir

Víðir Smári Petersen Lex lögmenn - 15:25

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 15:25

Farið yfir stöðu mál og hvernig lagalegt umhverfi vegna þessarar mála er. Stjórn felur lögmanni að skoða framtíð samninga hvað þetta varðar.

10. Rekstur 2018 - 1802007

Lögð fram tölfræði fyrir janúar og hinsvegar janúar og febrúar.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 15:40

Valbjörn fór yfir rekstraryfirlit.

Ljóst að launarammi er sprunginn en mismunur á innsendri áætlun til ráðuneytis og raunstöðu er um 22 milljónir króna. Fjármálastjóri fór yfir að til eru skýringar á hluta af þessu og snýr það að launahækkun starfsmanna BHM og einnig leiðrétting vegna SALEK samkomulags aftur í tímann. Einnig er kostnaður vegna Unesco og fleiri starfa. Greina þarf meira ástæður þessara niðurstöðu. Óskar stjórn eftir að framkvæmdarstjóri og fjármálastjóri vinni frekari greiningu og sendi til stjórnarmanna þegar þær upplýsingar liggja fyrir.

Fundi slitið kl. 16:00.
